

Reykjavík 18. júní 2020

# Allir með

## tenging nemenda í Fellaskóla Reykjavík við íþróttá- og tómstundastarf

### Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Pátttökuskólar og stofnanir:  
Fellaskóli  
Þjónustumiðstöð Breiðholts  
Miðberg, félagsmiðstöðin 111

Verkefnisstjóri:  
Helgi Gíslason, aðstoðarskólastjóri Fellaskóla

Verkefnið hlaut styrk 2019  
Númer samnings: UMS-129

## Markmið verkefnis

Aðalmarkmið *Allir með* er að auka líkurnar á því að nemendur af erlendum uppruna finni sér stað í skipulögðu íþróttá- og tómstundastarfi utan skólatíma. Sérstök áhersla lögð á nemendur sem eru nýfluttir til Íslands.

## Leiðir að markmiðum

- Stýrihópur með fulltrúum samstarfsaðila.
- Þróa verkferil sem til notkunar í hvert skipti sem nýr Íslendingur hefur nám í Fellaskóla.
- Tengja við móttökuáætlun sem unnið er eftir.
- Ráðinn tengiliður sem hittir foreldra og nemendur. Hlutverk hans er að kynna hvað er í boði, hjálpa til við umsókn og fylgja nemendum í tómstundastarf í nokkur skipti ásamt því að vera í sambandi við þjálfara eftir ákveðin tíma.

## Frávik miðað við áætlun verkefnis

- Tengiliður virkaði ekki sem skyldi og meiri vinna lenti á námsráðgjafa en ætlunin var.

## Helstu hindrarnir sem komu upp við vinnu verkefnisins

- Mannabreytingar í stýrihóp juku álag tímabundið.
- Það gekk erfiðleika að ráða starfsmann til að fylgja nemendum eftir.
- Tungumálaerfiðleikar. Í mörgum tilfellum þurfti að kalla til túlka eða notast við google translate, sérstaklega þegar tengiliður var í bænum samskiptum við foreldra.
- Ekki tókst í öll skipti að fylgja móttökuáætlun eftir að því leyti að fá inn fulltrúa aðila utan skólans.
- Þekking á menningu og bakgrunni einstaklinga. Aldrei hægt að alhæfa. Stundum gekk erfiðlega að ná sambandi við foreldra / fjölskyldur.

## Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

- Verkferill – sjá hér neðar.
- Alls tengdust 20 nemendur á öllum aldri verkefninu. Af þeim tókst að koma 12 í íþróttá- og tómstundastarf.
- Þekking á menningarlegum bakgrunni nemenda.
- Hefja þessa vinnu í fyrsta lagi eftir að nemandi hefur verið fjórar til sex vikur í skólanum. Þörf á ákveðinni aðlögun í upphafi.
- Það kom í ljóst að mikilvægt var að fylgja eftir nemendum – þ.e. vera í sambandi við þjálfara eða leiðbeinendur eftir ákveðinn tíma. Foreldrar og nemendur áttu oft í erfiðleikum með að skilja mikilvægi þess að vera með viðeigandi búnað, mæta reglulega á æfingar o.s.frv.

## Mat á verkefninu samkvæmt umsókn

- Þátttaka nýrra Íslendinga í skipulögðu íþróttá- og tómstundastarfi óx.
- Foreldrar og nemendur öðluðust mikilvæga þekkingu og reynslu á íslensku samfélagi. Þekkingu sem hefði tekið lengri tíma að öðlast ella.
- Skóli er góður vettvangur til að styðja við aðlögun foreldra og nemenda að íslensku samfélagi. Starfsfólk skóla eru oftast þeir fyrstu sem foreldrar eru í skipulögðum tengslum við.
- Ekki tókst að virkja stýrihópinn sem skyldi vegna anna lykilstarfsfólks í skólanum. E.t.v. ætti forræðið að vera hjá félagsmiðstöð hverfisins.

- Nemendur tóku framförum í íslensku en erfitt að meta nákvæmlega einstaka áhrifavalda.

#### **Niðurstöður verkefnisins:**

Verkefnið hafði jákvæð áhrif. Dýrmæt reynsla varð til hjá starfsfólki skólans og (vonandi) hjá foreldrum og nemendum. Brýn þörf er á því að halda áfram að styðja við þátttöku nemenda í hverfinu í skipulögðu íþróttá- og tómstundastarfi.

#### **Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum**

Farið verður yfir niðurstöður í nemendaverndarráði (lokið), á samráðsfundum við starfsfólk Þjónustumiðstöðvar Breiðholts og samráðsfundum skólastjórnenda í Breiðholti.

Dagsetning: 18. júní, 2020

Undirskrift skólastjóra og verkefnisstjóra:

The image shows a handwritten signature in blue ink over an official stamp. The stamp is oval-shaped with a double border. The text inside the stamp reads "FELLASKÓLI" at the top and "REYKJAVÍK" at the bottom. The signature is written across the stamp.

## Verkferill – viðauki 1 við Móttökuáætlun í Fellaskóla

1. Í móttökuviðtali eru nemandi og foreldrar spurðir eftirfarandi spurninga:
  - a) Hefur nemandi tekið þátt í íþróttá- eða félagsstarfi. Ef já, hverju?
  - b) Hefur nemandi áhuga á að taka þátt í íþróttá- eða tómstundastarfi? Ef já, hverju?
2. Námsráðgjafi fer yfir upplýsingar í móttökuviðtali. Ef svörin í 1. a og b gefa tilefni til hefur hann samband við tengilið og felur honum að fylgja þessu eftir.
3. Tengiliður skoðar möguleika á að koma til móts við óskir nemanda með áherslu á nærumhverfi. Tengiliður hefur samband við þjálfara eða leiðbeinanda til að afla frekari upplýsinga.
4. Tengiliður hefur samband við foreldri og nemanda (eftir aldri barns) og óskar eftir að fá að koma og hitta þau (á heimili eða í skóla). Á fundi með þeim fer hann yfir hvaða tilboð koma til greina og ákvörðun er tekin um þátttöku.
5. Tengiliður aðstoðar foreldra / nemanda við skráningu og sækir um tómstundastyrk. Oftast er best að óska eftir að nemandinn fái að taka þátt í ákveðinn tíma, t.d. þrjá mánuði (sbr. Tuff) áður en greitt er þátttökugjald.
6. Tengiliður hefur samband við þjálfara / leiðbeinanda, veitir nauðsynlegar upplýsingar og tekin er ákvörðun hvenær barnið mætir í fyrsta skipti.
7. Tengiliður fylgir nemanda í fyrstu tvö skiptin á æfingu / viðburð. Hann hefur í huga upplifun nemanda og hvaða búnað hann þarf. Hann kemur nauðsynlegum skilaboðum til foreldra.
8. Tengiliður hefur samband við þjálfara eftir 2 vikur. Markmiðið er að afla upplýsingar um mætingar, virkni og annað sem skiptir máli.
9. Tengiliður hefur samband við þjálfara eftir 4 vikur. Markmiðið er að afla upplýsingar um mætingar, virkni og annað sem skiptir máli.
10. Tengiliður kemur upplýsingum um gang verkefnis. Máli lokið.